

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á lóðinni við Álfhelli 4, Hafnarfjarðarkaupstað.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14. febrúar 2018 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á lóðinni við Álfhelli 4 í samræmi við 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Tillagan var grenndarkynnt frá 26. mars – 23. apríl 2018. Engar athugasemdir bárust.

Breytingin felst í því að lögun byggingarreits er breytt. Nýtingarhlutfall er óbreytt á lóðinni.

Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar fyrir Hellnahraun, 2. áfanga.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. maí 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2018